



VIÐAUKI MEÐ PRÓFSKÍRTEINI (*)



1. STARFSHEITI, HEITI STARFSGREINAR EÐA NÁMSBRAUTAR

Bókbindari, bókband

2. ÞÝTT HEITI SKÍRTEINISINS

Bookbinding

Þessi þýðing hefur ekkert lagalegt gildi.

3. LÝSING Á KUNNÁTTU OG FÆRNI

Handhafi

- þekkir eðli og eiginleika þeirra efna sem unnið er með í bókbandi og gerir sér grein fyrir mögulegum umhverfisáhrifum sem þau geta haft
- þekkir og kann rétta beitingu allra helstu véla og verkfæra sem bókbindarar nota við vinnu sína, svo og viðhald þeirra og hirðingu
- þekkir til öryggismála á vinnustað og hagar vinnu sinni þannig að heilsu og öryggi, eigin og annarra, stafi ekki hætta af
- þekkir vinnsluferli hand- og vélbókbands með tilliti til þarfa viðskiptavinar
- getur útskýrt vinnsluferli vélbókbands með hliðsjón af mismunandi véla- og tækjakosti
- getur aflað sér upplýsinga er varða helstu þætti fagsins
- getur unnið bækur í handunnið bókband með hliðsjón af efni þeirra og tilgangi
- getur unnið alla verkþætti grunnfalsbands
- kann á handvirka gyllingarvél, kann að binda inn og fullvinna bækur í djúpfalsband (skinnband, horn og kjölur)
- þekkir til mismunandi eiginleika bókbandsfenis
- þekkir til handgyllingar með filettum og lausalettri og hefur vald á klissjugyllingu og blindþrykkingu
- getur hannað útlit bóka með tilliti til efnis þeirra og tilgangs
- kann aðferðir við blokkarvinnu og stokkun
- getur unnið í samræmi við grundvallarreglur um vinnu við heftivé
- getur skorið í tölvustýrðum beinskera eftir skurðarmerkjum og verklýsingum
- þekkir ólíkar tegundir útskots með hliðsjón af ílagskanti, broti og skurðarmerkjum

4. STARFSSVIÐ SEM SKÍRTEINISHAFI HEFUR AÐGANG AÐ

Starf bókbindara snýst um lokafrágang á öllu prentuðu efni og felst að miklu leyti í vinnu við brot í tölvustýrðum brotvélum, vinnu við skurðarhnífa og síðan við handbókband. Bókbindarinn á að geta veitt faglega ráðgjöf um hvernig best og hagkvæmast er að vinna og ganga frá prentgripum, um efnisval og aðra þætti er lúta að bókbandi. Rétt til starfa í bókbandi hafa þeir sem leyst hafa til sín sveinsbréf í bókbandi sem atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra gefur út.

(*) Skýringar

Þessu skjali er ætlað að veita nánari upplýsingar um tilgreint skírteini en hefur sem slíkt ekkert lagalegt gildi. Framsetning þessarar lýsingar byggist á eftirtöldum textum: Ályktun ráðsins 93/C 49/01 hinn 3. desember 1992 um gagnsæi hæfnikrafna, Ályktun ráðsins 96/C 224/04 hinn 15. júlí 1996 um gagnsæi prófskírteina í starfsmenntun og Tilmælum Evrópuþingsins og ráðsins 2001/613/EC hinn 10. júlí 2001 um ferða- og dvalarfrelsi innan Evrópusambandsins fyrir námsmenn, þá sem eru í þjálfum, sjálfboðaliða, kennara og leiðbeinendur.

Nánari upplýsingar fast hjá: www.cedefop.eu.int/transparency

© Evrópusambandið 2002

5. LÖGFORMLEG ATRIÐI

Nafn og staða stofnunar er gefur út skírteinið Framhaldsskóli á Íslandi sem starfar á grundvelli laga um framhaldsskóla og aðalnámskrár framhaldsskóla sem mennta- og menningarmálaráðherra gefur út.	Nafn og staða stjórnvalds lands eða svæðis sem annast vottun eða staðfestingu skírteinisins Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Menntunarstig skírteinisins (í landinu eða alþjóðlega) Framhaldsskólastig Isced 3 Íslenski hæfniramminn (ISQF) 3 – EQF 4	Einkunnakvarði/ Kröfur til að standast próf 1-10 Lágmarkseinkunn 5.
Aðgangur að næsta þrepi menntunar/þjálfunar Viðbótarnám til stúdentsprófs eða meistaraskóli.	Alþjóðlegir samningar
Lagalegur grunnur Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008 og reglugerð um sveinspróf nr. 698/2009. Iðnaðarlög nr. 42/1978 og reglugerð um löggiltar iðngreinar nr. 940/1999.	

6. UMFANG OG SKIPULAG MENNTUNAR

Meðalnámstími er þrjú ár og á þeim tíma er námi og kennslu hagað sem hér segir: nám í skóla í fjórar annir, námstími samtals 72 vikur að próftíma meðtöldum. Vinnustaðanám er samtals 48 vikur. Náminu lýkur með sveinsprófi.

Inngönguskilyrði

Grunnskólapróf

Viðbótarupplýsingar

Frekari upplýsingar er að finna á:
www.menntamalaraduneyti.is

Upplýsingamiðstöð í landinu

Mennta- og menningarmálaráðuneytið, www.menntamalaraduneyti.is